



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 18. desember 2009.

Pistill nr. 2/2009

Samkeppni í mjólkuriðnaði er til hagsbóta fyrir almenning og kúabændur

[Stytt útgáfa pistilsins birtist í grein í Morgunblaðinu þann 18. desember 2009.]

Nýlegt álit Samkeppniseftirlitsins til landbúnaðarráðherra, sem fjallaði um skaðlega samþjöppun í mjólkuriðnaði og áhrif búvörulaga á samkeppni, hefur orðið forsvarsmönnum kúabænda tilefni til athugasemda og andsvara.

Sigurður Loftsson formaður Landssambands kúabænda ritar grein í Morgunblaðið, þann 16. desember sl., þar sem hann gerir athugasemdir við röksemdafærslu Samkeppniseftirlitsins og færir fram rök sem hann virðist telja að sýni fram á hið gagnstæða. Grein formannsins er Samkeppniseftirlitinu ágætt tilefni til þess að útskýra sjónarmið sín frekar.

Hlutverk Samkeppniseftirlitsins

Í fyrsta lagi er það formanninum umhugsunarefni hvað Samkeppniseftirlitið sé að skipta sér af starfsemi sem heyrir ekki undir samkeppnislög. Svárið við því er einfalt: Samkvæmt 18. gr. samkeppnislaga er eftirlitinu sérstaklega ætlað að vekja athygli ráðherra á því í opinberu áliti ef það telur að ákvæði laga stríði gegn markmiðum samkeppnislega og torveldi frjálsa samkeppni í viðskiptum.

Kjarni þessa tiltekna álits var einmitt sá að vekja athygli ráðherra á þeim skaða sem búvörulög hefðu valdið bændum og neytendum, þar sem lögin heimila mjólkurafurðastöðvum samkeppnishamlandi samráð og samruna án þess að Samkeppniseftirlitið geti gripið til aðgerða. Kveikjan að álitinu var samruni Mjólkú og Kaupfélags Skagfirðinga sem Samkeppniseftirlitið taldi samkeppnishamlandi en gat ekki afstýrt vegna ákvæða búvörulaga.

Erlend dæmi styðja rök Samkeppniseftirlitsins

Í öðru lagi nefnir formaðurinn að samþjöppun í íslenskum mjólkuriðnaði eigi sér skýrar hliðstæður erlendis og nefnir þrjú dæmi því til stuðnings. Þarna hittir formaðurinn óvart sama naglann á höfuðið og Samkeppniseftirlitið í áliti sínu og dregur fram kjarna málsins.

Öllum þeim erlendu samrunum sem formaðurinn nefnir voru nefnilega sett verulega íþyngjandi skilyrði af viðkomandi samkeppnisyfirvöldum til þess að koma í veg fyrir samkeppnishindranir. Hér á landi, ólíkt því sem gerðist í þessum tilvikum, hefur íslenski löggjafinn ákveðið að Samkeppniseftirlitinu sé óheimilt að vernda hagsmuni neytenda og bænda með íhlutun í samruna mjólkurafurðarstöðva.

Samruni Campina og Friesland Foods í Hollandi var talinn af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins raska samkeppni með alvarlegum hætti í Hollandi, Belgíu og Þýskalandi. Til að vernda hagsmuni neytenda mælti framkvæmdastjórnin fyrir um uppskiptingu hins sameinaða fyrirtækis sem fólst í sölu á mjólkurafurðastöðvum

Samkeppniseftirlitið birtir pistla um samkeppnismál á heimasíðu sinni. Þeim er ætlað að varpa ljósi á aðstæður á samkeppnismörkuðum og framkvæmd samkeppnislaga. Um leið er leitast við að auka gegnsæi í störfum Samkeppniseftirlitsins.



Frieslands og hluta af ostaframleiðslu Campania auk sölu af tveimur vörumerkjum Campina á sviði mjólkurdrykkja. Auk þessa voru sett skilyrði til þess að gera kúabændum sem leggja inn mjólk til samrunaaðila auðveldara að hætta í viðskiptum við þá og hefja viðskipti við keppinauta þeirra.

Samruni MD Foods í Danmörku og Arla í Svíþjóð var tilkynntur samkeppnisyfirvöldum í nokkrum Evrópulöndum og a.m.k. þau dönsku töldu hann skaðlegan samkeppni. Voru samrunanum sett ítarleg íþyngjandi skilyrði sem m.a. fólust í sölu á öflugum mjólkurafurðastöðvum til keppinauta.

Hið sama á við um samruna nokkurra mjólkurfyrirtækja á Nýja Sjálandi í eitt fyrirtæki, Fronterra Cooperative Group Limited. Sá samruni laut ströngum skilyrðum þarlendra laga sem ætlað var að greiða fyrir samkeppni. Auk þess var fyrirtækinu gert að selja hlut sinn í einu af aðal úrvinnslufyrirtækinu þar í landi.

Framangreind dæmi sem formaðurinn tiltekur sýna hversu fáheyrt það er að undanþiggja samruna mjólkurafurðastöðva hér á landi íhlutun samkeppnisyfirvalda. Hefði Samkeppniseftirlitið haft sömu heimildir og nefndar systurstofnanir, hefði það getað ógilt samruna KS og Mjólkú, eða sett honum skilyrði til þess að vernda hag neytenda og bænda. Samkeppniseftirlitið telur ekki boðlegt að íslenskir neytendur og bændur njóti minni verndar á þessu sviði en neytendur og bændur í öðrum löndum.

Breytist ekkert með samruna KS og Mjólkú?

Í þriðja lagi tekur formaðurinn fram að ekkert hafi breyst með samruna Mjólkú og KS. Af sama toga voru ummæli Baldurs Helga Benjamínssonar, framkvæmdastjóra Landssambands kúabænda í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins þann 13. desember sl. Fullyrti hann þar að samruninn myndi ekki hafa nein áhrif á verð til bænda þar sem það sé ákveðið af verðlagsnefnd búvöru. Sama gildi um verð mjólkurvara til neytenda, enda sé það ákveðið af sömu nefnd.

Þessar fullyrðingar eiga sér enga stoð í veruleikanum. Þannig segir í búvörulögum að verðlagsnefnd ákveði einungis lágmarksverð til bænda og skýrt tekið fram að hverri afurðastöð sé heimilt að ákveða hærra verð. Jafnframt liggur fyrir að verðlagsnefndin hefur ekki ákveðið heildsöluverð á þeim mjólkurvörum sem Mjólkú hefur framleitt.

Vandséð er hvaða hvata afurðastöð í mjólkuriðnaði ætti að hafa til þess að bjóða bændum hærra verð en lágmarksverð, eða neytendum samkeppnishæft vöruverð, þegar enginn er keppinauturinn lengur. Staðreyndin er sú að Mjólkú veitti samkeppnislegt aðhald sem leiddi af sér lægra verð og aukið val fyrir neytendur. Við samruna Mjólkú og KS hverfur það aðhald og við tekur einokun.

Í grein Sigurðar eru ennfremur tiltekin fleiri atriði eins og að Samkeppniseftirlitið hafi ekki stutt tölulegum rökum að samkeppni sé skilvirkasta aðferðin til að hagkvæms rekstrar. Ennfremur er því mótmælt að samkeppni Mjólkú hafi leitt af sér hærra verð til bænda.

Þessu til svars má m.a. vísa til ítarlegs rökstuðnings í álit Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2006, *Opinberar samkeppnishömlur í mjólkuriðnaði*, þar sem vísað var t.a.m. til verðkannanna ASÍ, sem sýndi fram á að verð á þeim mjólkurvörum sem samkeppni ríkti um lækkaði, strax í kjölfar innkomu Mjólkú á markað. Við þetta má bæta að það er augljós hagur neytenda að eftir að Mjólkú hóf samkeppni á markaði hefur valkostum þeirra fjölgað umtalsvert, sem leiðir til aukinnar neyslu. Hagur bænda fer augljóslega saman við þær staðreyndir. Um rökstuðning að öðru leyti vísast til framangreinds álits, auk þess álits sem hér er til umfjöllunar, nr. 1/2009, *Skaðleg samþjöppun í mjólkuriðnaði og áhrif búvörulaga á samkeppni*. Álitin eru aðgengileg á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins, www.samkeppni.is.



Samkeppniseftirlitið setti þessi álit fram til verndar hagsmunum bænda og neytenda. Óútskýrt er hins vegar hvaða hagsmuni forsvarsmenn Landssambands kúabænda eru að vernda með málflutningi sínum.

Páll Gunnar Pálsson
forstjóri Samkeppniseftirlitsins